

Gjaldskrá

fyrir

hreinsun reykháfa og pípa úr ofnum og eldstóm í Akureyrarkaupstað.

Sótaragjald í kaupstaðnum skal eftirleiðis vera 1 króna fyrir hverja lofthæð í reyk- háfum og pípum, þó eigi minna en 2 krónur fyrir hvert hús.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 29, 13. september 1901, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

6 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jóns Ólafs sál. Samúels-
26. jan. sonar frá Hvítadal« útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 26. jan 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Minningarsjóð Jóns Ólafs sál. Samúelssonar frá Hvítadal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Ólafs Samúelssonar frá Hvítadal, stofnaður árið 1920 af fósturforeldrum hins látna Jóni Þórðarsyni og Önnu Bjarnadóttur og nokkrum fjelögum í »U. M. F. Stjarnan«. Upphæð sjóðsins er nú kr. 1200, sem aldrei má skerða, og eigi heldur fje það, er sjóðnum kann að bætast síðar.

2. gr.

Starfsvið sjóðsins skal aðeins vera innan takmarka Saurbæjarhrepps og tilheyra »Ungmennafjlaginu Stjarnan«.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu hafa á hendi 3 menn, sem sju: hreppstjóri Saurbæjarhrepps, sem ávalt skal sitja í sjórn hans, formaður U. M. F. Stjarnan, og undirritaður fósturfáðir hius látna, meðan hans nýtnir við. Við forföll stjórnenda sjóðsins, hvern veg sem þeim er háttáð, kjósa ungmennafjelagar strax mann í hið auða sæti.

4. gr.

Til verðlauna skal verja $\frac{5}{6}$ af árlegum vöxtum sjóðsins til þeirra manna innan ungmennafjelagsins, sem skara fram úr með góða meðferð á öllum skepnum sem þeir hafa undir höndum og fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafi fullkomnar fódurbirgðir árlega.
2. Fóðri jafn vel allar þær skepnur sem undir þeirra hendi eru, og
3. Fari vel og nákvæmlega með vinnudýrin, ofætli þeim aldrei.

5. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar verðlaunum, og skal hún taka til greina allt og bendingar forðagæslumanna hreppsins, um skilyrði þau sem getur um í 4. gr. Þá skal stjórnin sjálf heimsækja þá menn, sem líklegir þykja til að ná verðlaunum og skoða hjá þeim.

6. gr.

Verðlaun skulu vera I. og II. og afhendast af stjórn sjóðsins á hinum árlegu manntalsþingum, í M u n u m þeim er stjórnin í hvert skifti ákveður. I. verðlaun skulu að minsta kosti vera 30 kr. virði og II. verðlaun 20 kr. virði. Vinni enginn til verðlauna eitthvert ár að dómi stjórnarinnar, þá leggjast vextirnir óskertir við höfuðstólinn.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggjum stað, og ber stjórnin fulla ábyrgð á honum. Hún semur árlegan reikning fyrir sjóðinn, sem liggur undir úrskurð og samþykki Ungmennafjelagsins, og sjer um að hann sje birtur árlega í stjórnartíðindunum.

8. gr.

Hætti ungmennafjelagsskapurinn eða leggist niður, þá tilheyrir sjóður þessi hreppsfjelagi Saurbæjarhrepps, með óbreyttu fyrirkomulagi að öðru en því, að atkvæðisbærir menn hreppsins velja stjórn hans, og úrskurður reikninganna fellur undir sýslunefnd Dalasýslu,

6

26. jan.

9. gr.

Skipulagsskrá þessa skal innfæra í gjörðabók U. M. F. Stjarnan, einnig ársreikninga sjóðsins.

Stjórnin öll hefir — sitt eintak hver — af skipulagsskrá þessari sömuleiðis af ársreikningum sjóðsins.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Brekku, 17. des. 1920.

Jón Þórðarson.

Anna Bjarnadóttir.

pr. U. M. F. »Stjarnan«

Markús Torfason.

7 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Ingibjargar Hansen«, út-
2. febr. gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 2. febr. 1921.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

„Minningarsjóð Ingibjargar Hansen“.

1. gr.

Minningarsjóður þessi er stofnaður með 3000 kr., sem jeg hefi lagt í Söfnunarsjóðinn til minningar um móður mína Ingibjörgu Jóhannsdóttur Hansen.

2. gr.

Í stjórn nefnds minningarsjóðs eru borgarssjóri Reykjavíkur sem formaður og forstöðumaður barnaskóla Reykjavíkur. Ef bæjarstjórnin setur á fót einn eða fleiri nýja barnaskóla hjer í bænum, þá taka forstöðumenn þeirra einnig sæti í stjórn minningarsjóðsins.